

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 8. maí 2020 í máli nr. 17/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 16. apríl 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, f.h. fyrirtækisins Y, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Z, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að þvottavél, með innbyggðum þurrkara, sem keypt var af varnaraðila þann 23. maí 2019 fyrir 346.401 krónur hafi verið haldin galla. Sóknaraðili krefst aðallega nýrrar afhendingar en til vara endurgreiðslu kaupverðsins.

II

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili keypti þvottavél með innbyggðum þurrkara, af gerðinni White-Westinghouse Laundry Center fyrir 341.401 krónur af varnaraðila þann 23. maí 2019. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að vélin hafi sýnt einkenni galla aðeins fáeinum dögum eftir fyrstu notkun. Fram kemur að vélin hafi lekið, hún kláraði ekki þvott og tromlan slóst utan í ytra byrði vélarinnar. Þá hafi að lokum tromla vélarinnar brotnað við notkun og hafi vélin verið ónothæf síðan. Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila í von um að finna hvað væri að vélinni um leið og bilunin gerði vart við sig. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að viðgerðarmaður á vegum varnaraðila hafi ekki fundið orsök bilunarinnar með vissu, enda hafi vandamálin verið fjölþætt að sögn sóknaraðila. Bendir sóknaraðili á að mikilvægt hafi verið að koma vélinni í lag sem fyrst enda stóð til að nota hana við rekstur gistiheimilis í eigu fyrirtækisins.

Sóknaraðili var í samskiptum við varnaraðila um næstu skref en sóknaraðili krafðist þess að varnaraðili gerði við vélinu og kæmi henni í lag. Varnaraðili féllst hins vegar ekki ekki á þá kröfu sóknaraðila með þeim rökum að samkvæmt birgi varnaraðila erlendis hafi vélin líklega verið ranglega sett upp og næði bilunin því ekki undir ábyrgðarskilmála framleiðanda. Sóknaraðili segir að vélin hafi verið sett upp með réttum hætti og fyllstu varúðar hafi verið gætt við uppsetningu. Við skoðun viðgerðarmanns hafi enda ekkert komið fram um að bilunin gæti stafað af rangri uppsetningu eða rangri notkun.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili afhendi sér nýja eða sambærilega þvottavél með innbyggðum þurrkara en til vara að kaupverðið verði endurgreitt.

III

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndinni tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur

gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstaking sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi.

Sóknaraðili er fyrirtæki í atvinnurekstri en ekki neytandi samkvæmt skilgreiningu laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

IV

Úrskurðarorð

Kvörtun fyrirtækisins Y, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson